



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 27. apríl 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 65. fundar miðvikudaginn 27. apríl 2005 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnáði honum. Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Ársreikningar 2004 - aðalsjóður og fyrirtæki.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 20. apríl 2005.
3. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. apríl 2005.

Afgreiðslur:

Forseti bar undir fundarmenn að taka upp liðinn "önnur mál" og var það samþykkt samhljóða. Hann bauð því næst velkomin þau Þorstein G. Þorsteinsson endurskoðanda frá KPMG og Ólöfu Pálmadóttur, sviðsstjóra.

Afgreiðslur:

1. Ársreikningar 2004 - aðalsjóður og fyrirtæki. Þorsteinn G. Þorsteinsson endurskoðandi fór yfir ársreikninginn og skýrði hann fyrir fundarmönnum. Umræður og fyrirspurnir urðu um reikninginn sem Þorsteinn svaraði jafnóðum. Að umræðum loknum var ársreikningnum vísað til síðari umræðu á næsta bæjarstjórnarfundum. Forseti þakkaði þeim Þorsteini og Ólöfu fyrir og viku þau af fundum.
2. Fundargerð 120. fundar bæjarráðs frá 20. apríl sl. kynnt og tekin til umræðu. Vegna 10. liðar fundargerðarinnar er bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. apríl sl. kynnt og rædd. Að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Önnur mál:

Farið var yfir tillögur um sameiningu sveitarfélaga og fram kom að búið er að boða fund sameiginlega með Áshreppi, Skagabyggð og Höfðahreppi þann 6. maí nk. Ákveðið var að kjósa í samstarfsnefnd og var samþykkt að fulltrúar Blönduóssbæjar yrðu Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri og Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50.

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason
Jóhanna G. Jónasdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir
Hjördís Blöndal
Margrét Einarsdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Stefanía Garðarsdóttir